

Þeir, sem eiga húseignir í lögsagnarumdæminu, en eru ekki búsettir eða **106**  
 eru fjarverandi úr lögsagnarumdæminu, skulu skriflega tilkynna lögreglustjóra, **14. okt.**  
 hver sé forsvarsmaður húseignarinnar í fjarveru eiganda.

## 2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 14. október 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalársár.

**107**

26. okt.

## 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalársár. Heimili þess og varn-  
 arþing er á Sturlureykjum í Reykholtisdalshreppi.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni  
 með því

1. að stunda laxaklak,
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleiri,  
 ef henta þykir,
3. að banna alla netaveiði í ánni næstu 10 ár.

## 3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Reykjadalársá og Rauðsgili.  
 Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum,  
 en þær eru:

1. Klettur, 2. Deildartunga, 3. Gróf, 4. Sturlureykir, 5. Skáney, 6. Grimsstaðir,
7. Reykholt, 8. Breiðabólstaður, 9. Úfsstaðir, 10. Hofstaðir, 11. Uppsálar, 12.
- Kollslækur, 13. Giljar, 14. Auðsstaðir, 15. Búrfell, 16. Rauðsgil, 17. Vilmundar-  
 staðir, 18. Steindórsstaðir, 19. Hægindi, 20. Kópareykir, 21. Kjalvararstaðir, 22.
- Snældubeinsstaðir, 23. Kleppjárnsreykir, 24. Hamrar, 25. Stóri-Kroppur,
26. Bær.

## 4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða fisk í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið; þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lög-  
mætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

## 6. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskiræktarráðunaut. Kostnaði við félagsskapinn skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

## 7. gr.

Stjórnina skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár; síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorazt andan kosningu, nema lögmet forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

## 8. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður klakstjóra og eftirlitsmenn og gerir við þá samninga um kaup og kjör. Eftirlitsmenn skulu þó starfa án endurgjalds.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

## 9. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir 1. marz ár hvert. Aðalfundur er lögmetur, ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara, enda sé meiri hluti stjórnarinnar mættur á fundinum. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema um breytingar á samþykkt, gjaldskrá (arðskrá) eða félagsslit.

## 10. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

## 11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

107

26. okt.

## 12. gr.

Stjórninni skal falið að semja arðskrá í samráði við fiskiræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Arðskrá er komin í gildi, ef lögmætur fundur samþykkir hana og undirrituð er af  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn og er háð staðfestingu ráðherra.

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð.

## 13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sýslusjóðs allt að 1000 krónum og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61, 23. júní 1932.

## 14. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema  $\frac{2}{3}$  mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

## 15. gr.

Félaginu má slíta, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1936.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Ólafsfjarðar.

108

26. okt.

## 1. gr.

Félagið heitir: Fiskræktar- og veiðifélag Ólafsfjarðar. Heimili þess og varnarping er í Ólafsfirði.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að koma upp laxveiði á félagssvæðinu og gera hana aðberandi með því: